


sem fór frá Akureyri með skipinu „Queen“. Voru þeir Ólafur og Páll Magnússon heitinn á Kjarna aðalforgöngumenn um þær slóðir, þeirrar útflutningshreyfingar, er þá hófst á Íslandi.

Það sumar dvaldi Ólafur í Ontario-fylkinu í Canada, en flutti um haustið til Milwaukeeborgar í Wisconsin. Þar dvaldi hann í ár. Þjóðhátíðarárið héldu Íslendingar þeir, er þá voru í Milwaukee, fyrsta Íslendingadag; höfðu þeir skrudgöngu út í einn af skemtigörðum bæjarins; við það tækifæri héldu þeir ræður Ólafur og Jón Ólafsson skáld. Var síðan myndað Íslendinga félag af löndum vorum er til heimilis voru þar í borginni. Mun það hafa verið hið fyrsta þjóðlega félag er Íslendingar hafa stofnað í Vesturheimi.

Haustið 1874 fór Ólafur ásamt Jóni Ólafssyni og Páli Bjarnarsyni (Péturssonar, er stofnaði íslenzka únítara söfnuðinn í Wpg.) í landkönnunarferð til Alaska, er sumir höfðu þá augastað á sem heppilegu nýlendsvæði fyrir Íslendinga.



*Ólafur Ólafsson.*

Ólafur og Páll höfðu vetrarsetu á Kadiak-eyjunni, en Jón Ólafsson hvarf heim aftur.—Sumarið eftir í Júní lögðu þeir Ólafur og Páll á stað heimleiðis til Milwaukee, og komu þangað í Ágústmánuði.—Um þessar mundir var Sigtryggur Jónasson o. fl. að gangast fyrir myndun íslenzkrar nýlendu á vesturströnd Winnipegvatns, hafði hann ásamt öðrum Íslendingum skoðað það svæði. Kom hann um þessar mundir til Ólafs og hvatti hann og aðra Ísl. í bænnum að flytja þangað og varð það úr, að nokkrir létu tilleiðast að fara, þar á meðal þau hjónin Ólafur og